

2017 nr. 61 14. júní**Lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum**

Tóku gildi 21. júní 2017. *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2002/87/EB, 2011/89/ESB. *Breytt með:* L. 45/2020 (tóku gildi 4. júní 2020; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2011/61/ESB, 2013/14/ESB). L. 82/2021 (tóku gildi 7. júlí 2021; *EES-samningurinn:* IX. viðauki reglugerð 2017/2358, 2017/2359). L. 116/2021 (tóku gildi 1. sept. 2021; um lagaskil sjá 136. gr.; *EES-samningurinn:* IX. viðauki tilskipun 2007/16/EB, 2009/65/EB, 2013/14/ESB, 2014/91/ESB, 2010/78/ESB). L. 38/2022 (tóku gildi 1. júlí 2022 nema 76. gr., a-liður 82. gr., d-liður 177. gr., d-liður 206. gr. og 65. gr. sem taka gildi skv. fyrirætlum í 215. gr. *EES-samningurinn:* IX. viðauki reglugerð 575/2013, 2015/62, 2016/1014, 2017/2188, 2017/2395, 2019/630, 2019/876, 2020/873).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði sem falla undir lög um fjármála-fyrirtæki og lög um váttryggingastarfsemi og teljast hluti af fjármálasamsteypu, eins og hún er skilgreind í lögum þessum, auk móðurfélaga fjármálasamsteypa eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. [*Eftirlitsskyldur aðili:* Lánastofnun, váttryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, rekstrarfélag verðbréfasjóða eða rekstrar-aðili sérhæfðra sjóða.]¹⁾

2. *Fjármálasvið:* Fjármála-fyrirtæki, fjármálastofnun eða önnur þjónustu- og hlíðarstarfsemi, sbr. lög um fjármála-fyrirtæki, auk fyrirtækja með sams konar starfsleyfi í öðrum ríkjum.

3. *Váttryggingasvið:* Váttryggingafélag, sbr. lög um váttryggingastarfsemi, váttryggingasamstæða, sbr. lög um váttryggingasamstæður, eða félag þar sem meginstarfsemi felst í því að eiga hluti í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega váttryggingafélög, auk fyrirtækja með sams konar starfsleyfi í öðrum ríkjum.

4. *Móðurfélag:* Félag sem uppfyllir eitt eða fleiri eftirgreindra skilyrða:

- ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru félagi,
- er aðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða vika frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess,
- er aðili að öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli stofnsamnings eða samþykka félagsins eða samninga við það,
- er aðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa,
- á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess,
- hvert það félag sem að mati Fjármálaeftirlitsins hefur í raun yfirráð í öðru félagi þótt skilyrði a–e-liðar eigi ekki við.

5. *Dótturfélag:* Félag sem er í raun undir yfirráðum móðurfélags, sbr. 4. tölul. Öll dótturfélög dótturfélaga skulu talin sem dótturfélög móðurfélagsins.

6. *Hlutdeild (hlutdeildarfélag):* Eign í félagi, þó ekki dótturfélagi, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess. Slíkt félag telst hlutdeildarfélag. Félag er ávallt talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut beint eða óbeint (í hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti) í öðru félagi.

7. *Samstæða:* Hópur félaga sem samanstendur af móðurfélagi, dótturfélagi þess og þeim félögum sem móðurfélagið eða dótturfélög þess eiga hlutdeild í auk félaga sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr.

8. *Náin tengsl:* Náin tengsl samkvæmt lögum um fjármála-fyrirtæki.

9. *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:* Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskyldt en það ásamt dótturfélögum sínum, þar sem a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskyldt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.

10. *Eftirlitssjórnvald:* Aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum innan hvers sérsviðs í fjármálasamsteypu, bæði einstökum fyrirtækjum innan samstæðu og samstæðunni í heild.

11. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða Færeyjar.

12. *Viðskipti innan samsteypu:* Hvers konar millifærslur þar sem eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu eru, beint eða óbeint, háðir öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar um efndir eða einstaklingum eða lögaðilum sem mynda náin tengsl við fyrirtæki innan samstæðunnar, hvort sem þær eru samkvæmt samningi eða ekki og hvort sem þær eru gegn greiðslu eða ekki.

13. *Samþjöppun áhættu:* Möguleg tapsáhætta sem hvílir á fyrirtækjum innan fjármálasamsteypu sem er nægjanlega mikil til að ógna gjaldþoli eða almennri fjárhagsstöðu eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar. Slík áhætta getur m.a. myndast vegna útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu, váttryggingaráhættu, markaðsáhættu, annarrar áhættu eða samtvinnunar eða víxlverkunar þessara tegunda áhættu.

14. *Eiginfjárgrunnur:* Eiginfjárgrunnur fjármála-fyrirtækja [samkvæmt lögum]²⁾ um fjármála-fyrirtæki og gjaldþol váttryggingafélaga skv. XV. kafla laga um váttryggingastarfsemi eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra laga eða, þegar það á við, framangreint metið samkvæmt sambærilegum reglum annarra ríkja.

15. *Lágmarksgjaldþol:* Eiginfjárfkrafa fjármála-fyrirtækja [samkvæmt lögum]²⁾ um fjármála-fyrirtæki og lágmarksfjármagn váttryggingafélaga skv. XVII. kafla laga um váttryggingastarfsemi eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra laga eða, þegar það á við, framangreint metið samkvæmt sambærilegum reglum annarra ríkja.

16. *Ígildi lágmarksgjaldþols:* Lágmarksgjaldþol sem aðili sem ekki er eftirlitsskyldur þyrfti að uppfylla samkvæmt reglum sem gilda á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar ef hann væri eftirlitsskyldur aðili á þeim markaði. Í tilviki rekstrarfélaga verðbréfasjóða er um að ræða eiginfjárkröfu skv. [12. gr. laga um verðbréfasjóði].³⁾ Ígildi lágmarksgjaldþols fyrir blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal metið samkvæmt reglum þess sérsviðs sem fjármálasamsteypan starfar aðallega á.

¹⁾ L. 82/2021, 60. gr. ²⁾ L. 38/2022, 166. gr. ³⁾ L. 116/2021, 137. gr.

II. kafli. Fjármálasamsteypa.**■ 3. gr. Fjármálasamsteypa.**

□ Samstæða eða undirsamstæða telst fjármálasamsteypa ef a.m.k. einn aðili innan hennar starfar á fjármálasviði og a.m.k. einn á váttryggingasviði, samanlögð umsvif hennar á váttryggingasviði annars vegar og fjármálasviði hins vegar teljast mikilvæg í skilningi 4. og 5. gr. og:

1. eftirlitsskyldur aðili fer fyrir samstæðunni eða undir-samstæðunni og hann er móðurfélag aðila á fjármála- eða váttryggingasviði, á hlutdeild í aðila á fjármála- eða váttryggingasviði eða er tengdur aðila á fjármála- eða váttryggingasviði þannig að:

a. fyrirtækjunum er stjórnad sameiginlega samkvæmt samningi eða ákvæðum í stofnsamningi eða samþykktum fyrirtækjanna, eða

b. meiri hluti stjórnar eða stjórnenda fyrirtækjanna samanstendur af sömu einstaklingum á reikningsárinu, eða

2. eftirlitsskyldur aðili fer ekki fyrir samstæðunni eða undirsamstæðunni en hlutfall samanlagðrar stærðar efnahagsreiknings fyrirtækja innan hennar á fjármála- og váttryggingasviði er meira en 40% af heildarefnahagsreikningi samstæðunnar.

□ Við tilgreiningu fjármálasamsteypu samkvæmt þessum kafla er með samstæðu einnig átt við félög sem munu fyrir sjáanlega við næsta ársuppgjör teljast samstæða í skilningi 7. tölul. 2. gr.

■ **4. gr. Mikilvæg starfsemi á fjármála- og váttryggingasviði.**

□ Starfsemi á fjármála- eða váttryggingasviði telst mikilvæg þegar samanlögð umsvif á hvoru sviði um sig eru yfir 10% af meðaltali hlutfalla sem eru reiknuð samkvæmt eftirgreindu:

a. hlutfall stærðar efnahagsreiknings félaga sem tilheyra viðkomandi sviði í samanlagðri stærð efnahagsreiknings félaga innan samstæðunnar á fjármálasviði eða váttryggingasviði, og

b. hlutfall lágmarksgjaldþols félaga sem tilheyra viðkomandi sviði í samanlagðu lágmarksgjaldþoli félaga innan samstæðunnar á fjármálasviði eða váttryggingasviði.

□ Sé meðaltal hlutfalla herra vegna fjármálasviðs telst meginstarfsemi fjármálasamsteypunnar vera á fjármálasviði og umfangsminni starfsemi á váttryggingasviði. Að öðrum kosti telst meginstarfsemi fjármálasamsteypunnar vera á váttryggingasviði og umfangsminni starfsemi á fjármálasviði.

□ Rekstrarfélögum verðbréfasjóða [og rekstraradilum sérhæfðra sjóða]¹⁾ skal bætt við það svið sem þau tilheyra innan samstæðu. Sé ekki ljóst hvaða sviði þau tilheyra skal þeim bætt við umfangsminna sviðið.

¹⁾ L. 45/2020, 120. gr.

■ **5. gr. Önnur viðmið um hvort starfsemi á fjármála- og váttryggingasviði teljist mikilvæg.**

□ Þrátt fyrir að skilyrði 4. gr. séu ekki uppfyllt skal starfsemi á fjármálasviði annars vegar og váttryggingasviði hins vegar teljast mikilvæg fari samanlögð stærð efnahagsreiknings félaga á umfangsminna sviði samstæðu yfir jafnvirði 6 milljarða evra í íslenskum krónum. Ef samstæða nær ekki hlutfallslegu viðmiði skv. 4. gr. en uppfyllir skilyrði þessarar greinar um umfangsminna svið samstæðu getur Fjármálaeftirlitið með samkomulagi við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja ákveðið að slík samstæða teljist ekki fjármálasamsteypa eða falli ekki undir 21.–23. gr. ef það telur slíkt ekki nauðsynlegt eða slíkt væri óviðeigandi eða villandi með tilliti til markmiða viðbótareftirlits.

□ Ef samstæða nær hlutfallslegu viðmiði skv. 4. gr. en samanlögð stærð efnahagsreiknings félaga á umfangsminna sviði samstæðunnar er minni en jafnvirði 6 milljarða evra í íslenskum krónum getur Fjármálaeftirlitið með samkomulagi við önnur eftirlitsstjórnvöld ákveðið að slík samstæða teljist ekki fjármálasamsteypa eða falli ekki undir 21.–23. gr. ef það telur

slíkt ekki nauðsynlegt eða slíkt væri óviðeigandi eða villandi með tilliti til markmiða viðbótareftirlits.

□ Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar öðrum eftirlitsstjórnvöldum eftir því sem við á og birtar á vef Fjármálaeftirlitsins nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

■ **6. gr. Undanþágur.**

□ Við ákvörðun um hvort samstæða teljist fjármálasamsteypa skv. 3.–5. gr. getur Fjármálaeftirlitið með samkomulagi við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja:

a. undanskilið fyrirtæki útreikningi hlutfalla þegar þau falla undir tilvik skv. 20. gr.; slík undanþága er ekki heimil hafi fyrirtæki verið flutt til ríkis sem ekki er aðildarríki og vísbendingar eru um að fyrirtækið hafi verið flutt til að komast hjá eftirliti,

b. tekið tillit til þess hvort mörkum skv. 3. og 4. gr. hafi verið náð í þrjú ár samfellt, en þó með hliðsjón af umtalsverðum breytingum á uppbyggingu samstæðunnar á tímabilinu,

c. undanskilið eitt eða fleiri hlutdeildarfélög sem tilheyra umfangsminna sviði samstæðunnar ef þau geta ráðið úrslitum um hvort samstæða verði tilgreind fjármálasamsteypa og hafa óverulega hagsmuni fyrir viðbótareftirlit.

□ Þegar fjármálasamsteypa hefur verið tilgreind skv. 3.–5. gr. og fyrirtæki innan samstæðunnar eru með höfuðstöðvar í öðrum aðildarríkjum skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar, gera tillögu að ákvörðun samkvæmt þessari grein.

□ Fjármálaeftirlitið skal endurmeta árlega veittar undanþágur samkvæmt þessari grein og endurskoða töluleg viðmið og áhættumat fjármálasamsteypanna.

■ **7. gr. Önnur viðmið.**

□ Við mat skv. 3. og 4. gr. getur Fjármálaeftirlitið í undantekningartilvikum og með samkomulagi við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja notað tekjusatsetningu, starfsemi utan efnahags og eignir í stýringu sem viðmið í staðinn fyrir eða til viðbótar við stærð efnahagsreiknings þegar það telur þau hafa sérstaka þýðingu fyrir markmið viðbótareftirlits með fjármálasamsteypu. Viðmiðin er hægt að nota ein og sér eða samanlögð.

■ **8. gr. Breytingar á stöðu fjármálasamsteypu gagnvart viðmiðunarhlutföllum.**

□ Fari hlutfall fjármálastarfsemi skv. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. undir 40% skal næstu þrjú ár á eftir miða við 35%.

□ Fari hlutfall umfangs starfsemi á fjármálasviði eða váttryggingasviði skv. 4. gr. undir 10% skal næstu þrjú ár á eftir miða við 8%.

□ Fari samanlögð stærð efnahagsreiknings félaga sem falla undir 5. gr. undir jafnvirði 6 milljarða evra í íslenskum krónum skal næstu þrjú ár á eftir miða við jafnvirði 5 milljarða evra í íslenskum krónum.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypunnar, getur ákveðið að fella viðmiðunarmörk skv. 1.–3. mgr. úr gildi áður en þrjú ár eru liðin í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja.

■ **9. gr. Stærð efnahagsreiknings.**

□ Með stærð efnahagsreiknings skv. 3.–8. gr. er átt við samanlagða stærð efnahagsreiknings allra félaga í samstæðunni samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi. Taka skal stærðir í hlutdeildarfélögum með í útreikningi í hlutfalli við eignarhald samstæðunnar í félögunum. Nota skal stærðir í efnahagsreikningi samstæðuuppgjors þar sem það liggur fyrir hjá viðkomandi félögum.

■ **10. gr.** *Tilgreining fjármálasamsteypu.*

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, tekur ákvörðun um hvort tilgreina skuli samstæðu sem fjármálasamsteypu.

□ Fjármálaeftirlitið skal gera móðurfélagi samstæðu viðvart um að samstæðan hafi verið tilgreind sem fjármálasamsteypa og um hlutverk þess sem eftirlitsstjórnvalds.

□ Fjármálaeftirlitið skal hafa náði samstarf við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja sem hafa veitt eftirlitsskyldum aðilum í samstæðunni starfsleyfi. Ef Fjármálaeftirlitið telur að eftirlitskyldur aðili sem það hefur veitt starfsleyfi kunnir að tilheyra fjármálasamsteypu sem ekki hefur verið tilgreind sem slík skal það koma því á framfæri við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld og sameiginlega nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna.

□ Þar sem móðurfélag fer ekki fyrir samstæðu tilkynnir Fjármálaeftirlitið þeim eftirlitskylda aðila sem hefur stærstan efnahagsreikning á umfangsmeira sérsviði samsteypunnar um tilgreiningu á fjármálasamsteypu skv. 1. mgr. og um hlutverk þess sem eftirlitsstjórnvalds.

□ Fjármálaeftirlitið skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem hafa veitt eftirlitsskyldum aðilum í samstæðunni starfsleyfi og þar sem blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur höfuðstöðvar og sameiginlegri nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna um tilgreiningu fjármálasamsteypu.

III. kafli. Umfang viðbótareftirlits.

■ **11. gr.** *Viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum.*

□ Auk lögbundins eftirlits samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi skal hafa viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum skv. 1. gr.

□ Eftirtaldir eftirlitskyldir aðilar skulu lúta viðbótareftirliti skv. 1. mgr.:

a. eftirlitskyldir aðilar sem fara fyrir fjármálasamsteypu,

b. eftirlitskyldir aðilar þegar móðurfélagið er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar í aðildarríki,

c. eftirlitskyldir aðilar sem tengjast öðrum aðilum á fjármála- eða váttryggingasviði fjármálamarkaðar skv. 1. mgr. 3. gr.

□ Ef fjármálasamsteypa er hluti af annari samstæðu sem telst fjármálasamsteypa í skilningi laga þessara er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ákveða að viðbótareftirlit taki eingöngu til síðarnefndu samsteypunnar.

■ **12. gr.** *Móðurfélag utan aðildarríkja.*

□ Eftirlitskyldir aðilar sem lúta ekki viðbótareftirliti skv. 11. gr., en móðurfélagið er eftirlitskyldur aðili eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar utan aðildarríkja, skulu lúta viðbótareftirliti samkvæmt lögum þessum að því marki og á þann hátt sem talið er nauðsynlegt að teknu tilliti til 31. gr.

■ **13. gr.** *Tengsl einstaklinga við eftirlitskylda aðila.*

□ Þegar einstaklingar eiga hlutdeild í eða eru í eiginangslum við einn eða fleiri eftirlitskylda aðila eða hafa veruleg áhrif á þá án þess að eiga hlut í þeim eða vera í eiginangslum við þá getur Fjármálaeftirlitið ákveðið með samkomulagi við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja hvort og að hvaða marki viðbótareftirliti sé beitt á sama hátt og ef þessir aðilar væru saman í fjármálasamsteypu.

□ Að minnsta kosti einn aðili verður að vera eftirlitskyldur skv. 1. gr. og skilyrði 1. máls. 1. mgr. 3. gr. að vera uppfyllt við viðbótareftirlit skv. 1. mgr.

□ Við mat á því hvort 1. mgr. eigi við samstæður samvinnufélaga metur Fjármálaeftirlitið fjárhagslegar skuldbindingar þessara félaga gagnvart öðrum aðilum á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar.

IV. kafli. Eftirlit með fjárhagsstöðu.

■ **14. gr.** *Almennt um eftirlit með fjárhagsstöðu.*

□ Auk ákvæða í lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi fer viðbótareftirlit með fjárhagsstöðu eftirlitskyldra aðila í fjármálasamsteypu eftir ákvæðum 15.–20. gr., 23. gr., 30. gr. og viðauka við lög þessi.

■ **15. gr.** *Fjárhagsstaða.*

□ Eftirlitsskyldum aðilum sem eru hluti af fjármálasamsteypu ber að tryggja að eiginfjárgrunnur samsteypunnar sé á hverjum tíma ekki lægri en lágmarksgjaldþol samsteypunnar.

□ Eftirlitskyldir aðilar sem eru hluti af fjármálasamsteypu skulu hafa stefnu sem kveður á um hvernig kröfum um lágmarksgjaldþol fjármálasamsteypu sé fullnægt.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, hefur eftirlit með því að skilyrði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt og að eftirlitskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi meti a.m.k. árlega fjárhagsstöðu skv. 1. mgr.

□ Eftirlitskyldur aðili sem fer fyrir fjármálasamsteypu, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða annar aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir skal, að höfðu samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, senda Fjármálaeftirlitinu niðurstöður athugunar samkvæmt þessari grein ásamt viðeigandi gögnum.

■ **16. gr.** *Mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.*

□ Aðilar á fjármála- og váttryggingasviði, fjárfestingarfyrirtæki og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu tekin með í útreikningi á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli samkvæmt þessum kafla.

■ **17. gr.** *Eiginfjárgrunnur.*

□ Eiginfjárgrunnur fjármálasamsteypu skal miðast við samstæðuuppgjör. Við mat á hvaða liðir teljast með við mat á eiginfjárgrunni skal miða við [lög]¹⁾ um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og XV. kafla laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016. Takmarkanir á að telja tiltekna liði með í eiginfjárgrunni samkvæmt þessum köflum laganna miðast við hlutfallslegt vægi fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar í heildareiginfjárgrunni samsteypunnar.

□ Við mat á því hvort eiginfjárgrunnur fjármálasamsteypu nægi til að mæta lágmarksgjaldþoli á samstæðugrundvelli, sbr. 18. gr. þessara laga, skal eingöngu tekið mið af eiginfjárlíðum sem bæði teljast með eiginfjárgrunni [samkvæmt lögum]¹⁾ um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og XV. kafla laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

□ Draga skal frá eiginfjárliði sem rekja má til dótturfélaga og teljast ekki með í samstæðuuppgjöri.

□ Eiginfjárliðir sem notaðir eru í fleiri en einu félagi innan samstæðu skulu eingöngu taldir einu sinni til eiginfjárgrunns.

□ Eiginfjárliðir sem myndast innan samstæðu á óviðeigandi hátt skulu dragast frá eiginfjárgrunni. Við mat á því hvað telst óviðeigandi skal nota viðmið laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi.

□ Við mat á eiginfjárgrunni fjármálasamsteypu skal Fjármálaeftirlitið jafnframt taka tillit til þess hvort flytja megi eiginfjárliði á milli fjármála- og váttryggingasviða fjármálamarkaðar.

¹⁾ L. 38/2022, 167. gr.

■ **18. gr. Lágmarksgjaldþol.**

□ Lágmarksgjaldþol fjármálasamsteypu er samanlögð lágmarkseiginfjárfkra fjármálafyrirtækja í samsteypunni skv. [92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög]¹⁾ um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og gjaldþolskrafa allra váttryggingafélaga í samsteypunni skv. XVI. kafla laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016. Meta skal ígildi lágmarksgjaldþols fyrir aðila sem ekki eru eftirlitsskyldir. Lágmarksgjaldþoli samsteypu að sama marki og samstæðureikningur nær til viðkomandi félags. Fullnægi eitt eða fleiri dótturfélög innan samstæðu ekki kröfum um lágmarksgjaldþol á fjármála- og váttryggingasviði fjármálamarkaðar, eða ígildi lágmarksgjaldþols, skal draga samtölu þess sem upp á vantar frá lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, getur veitt undanþágu frá kröfu 4. másl. 1. mgr. ef það telur að ábyrgð móðurfélags sé skýr og ótvírætt takmörkuð við hlutafjáreignina.

□ Þegar ekki eru eignatengsl á milli aðila innan samstæðu skal Fjármálaeftirlitið, að höfðu samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, taka ákvörðun um hlutdeild einstakra aðila í lágmarksgjaldþoli samstæðunnar með hliðsjón af skuldbindingum sem tengslin fela í sér.

□ Eiginfjárgrunn og lágmarksgjaldþol blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi skal meta á samstæðugrundvelli í samræmi við þá löggjöf sem gildir um umfangsmeira sérsvið fjármálasamsteypu. Sá hluti samstæðu sem telst ekki til fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar er undanskilinn.

¹⁾ L. 38/2022, 168. gr.

■ **19. gr. Heimild til að nota aðrar aðferðir við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.**

□ Starfi fjármálasamsteypa í öðrum aðildarríkjum getur Fjármálaeftirlitið í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld heimilað að 17. og 18. gr. um mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli eigi ekki við um samsteypuna.

□ Samhliða skal ákvarða að við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli sé notuð aðferð 2 eða 3 í II. kafla viðauka við lög þessi.

■ **20. gr. Aðilar sem eru undanskildir mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.**

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samstæðu, getur ákveðið að undanskilja aðila mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli skv. 17.–19. gr. ef:

a. aðilinn er staðsettur í ríki utan aðildarríkis þar sem ætla má að löggjöf hindri aðgang að nauðsynlegum upplýsingum,

b. aðilinn hefur óverulega þýðingu fyrir það markmið sem að er stefnt með lögum þessum,

c. það að telja aðilann með í mati á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli gefur villandi eða óviðeigandi yfirsýn miðað við markmið laga þessara.

□ Ekki skal undanskilja tvo eða fleiri aðila skv. b-lið 1. mgr. ef samanlögð þýðing þeirra er ekki óveruleg.

□ Áður en Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun skv. c-lið 1. mgr. skal það hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, nema taka þurfi ákvörðunina án tafar.

□ Þegar eftirlitsskyldur aðili fellur undir b- eða c-lið 1. mgr. samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal móðurfélag fjármálasamsteypu, sem hefur höfuðstöðvar hér á landi, veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem hafa

eftirlit með aðilanum umbeðnar upplýsingar vegna eftirlits þeirra.

■ **21. gr. Samþjöppun áhættu.**

□ Auk þessara laga gilda um samþjöppun áhættu eftirlitskyldra aðila innan fjármálasamsteypu ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er móðurfélag samsteypu skulu lagaákvæði þess fjármála- eða váttryggingasviðs fjármálamarkaðar sem telst vera umfangsmeira gilda fyrir samsteypuna í heild sinni og fyrir móðurfélagið.

□ Við eftirlit með samþjöppunaráhættu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, fylgjast sérstaklega með áhættu vegna smitáhrifa innan samsteypunnar, hættu á hagsmunaárekstrum og hættu á sniðgöngu á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi, auk stígs og umfangs áhættu.

□ Eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi innan fjármálasamsteypu skulu reglulega, og minnst árlega, veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um alla verulega samþjöppun áhættu samsteypunnar. Upplýsingar skulu veittar á þann hátt og á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Fjármálaeftirlitið skal, í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, tilgreina þær tegundir áhættu sem einkum skal veita upplýsingar um að teknu tilliti til uppbyggingar og áhættustýringar samstæðunnar.

■ **22. gr. Viðskipti innan samsteypu.**

□ Auk laga þessara gilda ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og laga um váttryggingastarfsemi um viðskipti innan samsteypu. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er móðurfélag samsteypu skulu lagaákvæði þess sérsviðs fjármálamarkaðar sem telst umfangsmeira gilda fyrir samsteypuna í heild sinni og fyrir móðurfélagið.

□ Við eftirlit með viðskiptum innan samsteypu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypunnar, fylgjast sérstaklega með áhættu vegna smitáhrifa innan samsteypunnar, hættu á hagsmunaárekstrum og hættu á sniðgöngu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi, auk stígs og umfangs áhættu.

□ Eftirlitsskyldir aðilar eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi innan fjármálasamsteypu skulu reglulega, og minnst árlega, veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um öll umtalsverð viðskipti innan fjármálasamsteypunnar. Upplýsingar skulu veittar á þann hátt og á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður. Fjármálaeftirlitið skal, í samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, tilgreina þær tegundir viðskipta sem einkum skal veita upplýsingar um að teknu tilliti til uppbyggingar og áhættustýringar samsteypunnar. Með umtalsverðum viðskiptum skv. 1. másl. er a.m.k. átt við öll viðskipti þar sem fjárhæð fer yfir 5% af lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypunnar.

■ **23. gr. Áhættustýring og innra eftirlit.**

□ Eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu skulu sjá til þess að innra eftirlit og áhættustýring sé fyrir hendi á samsteypugrundvelli, auk traustrar stjórnunar og endurskoðunarferla.

□ Áhættustýring skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a. trausta stjórnun sem felur í sér samþykki og reglulega endurskoðun viðeigandi stjórneininga á áhættustefnu innan fjármálasamsteypunnar,

b. fullnægjandi gjaldþolsstefnu sem tekur tillit til áhrifa viðskiptastefnu á áhættusamsetningu og fjárhagsstöðu, sbr. 14.–20. gr. og

c. fullnægjandi ferla sem tryggja að eftirlit með áhættu sé hluti af skipulagi aðila og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja samræmi þeirra kerfa sem notuð eru hjá öllum aðilum innan samsteypu sem falla undir viðbótareftirlit svo að unnt sé að mæla, fylgjast með og stýra áhættu samsteypunnar,

[d. fyrirkomulag sem ætlað er að stuðla að og þróa, ef nauðsyn krefur, fullnægjandi ráðstafanir vegna endurreisnar og skilameðferðar, þ.m.t. um endurbóta- og skilaáætlanir; slíkt fyrirkomulag skal uppfæra reglulega].¹⁾

□ Innra eftirlit skal a.m.k. fela í sér:

a. að fullnægjandi aðferðir séu notaðar til þess að afmarka og mæla alla verulega áhættu tengda fjárhagsstöðu og að sjá til þess að eiginfjárgrunnur sé í samræmi við áhættu,

b. að fullnægjandi skýrslugjöf og bókhaldsaðferðir séu fyrir hendi til þess að afmarka, mæla, stýra og hafa eftirlit með viðskiptum innan samstæðu og samþjöppun áhættu á samsteypugrundvelli.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, skal fylgjast með að allir aðilar sem falla undir viðbótareftirlit hafi fullnægjandi innra eftirlit sem veitt geti hvers kyns upplýsingar sem nauðsynlegar eru við eftirlit með samsteypunni. Eftirlitsskyldir aðilar skulu árlega birta opinberlega upplýsingar um uppbyggingu og stjórnun samsteypu.

¹⁾ L. 82/2021, 61. gr.

■ 24. gr. Álagspróf.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu, skal sjá til þess að reglulega séu framkvæmd álagspróf á stöðu samsteypunnar.

V. kafli. Sérstök ákvæði um viðbótareftirlit.

■ 25. gr. Samstarf eftirlitsstjórnvalda í aðildarríkjum.

□ Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja um eftirlit með félögum innan fjármálasamsteypu.

□ Í þeim tilvikum þegar fjármálasamsteypa starfar í fleiri en einu aðildarríki tilnefnir Fjármálaeftirlitið ásamt eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja eitt eftirlitsstjórnvald sem ber ábyrgð á samræmingu og framkvæmd viðbótareftirlits. Tilnefning eftirlitsstjórnvaldsins skal byggjast á viðmiðum skv. 3. og 4. mgr.

□ Ef eftirlitsskyldur aðili fer fyrir fjármálasamsteypu skal það eftirlitsstjórnvald sem veitti honum starfsleyfi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

□ Ef eftirlitsskyldur aðili fer ekki fyrir fjármálasamsteypu skal ákvarða eftirlitsstjórnvald samsteypunnar samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

a. Þegar móðurfélag eftirlitsskylds aðila er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal eftirlitsstjórnvaldið sem veitti þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

b. Ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa höfuðstöðvar í aðildarríki og sameiginlegt móðurfélag sem er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og einn þessara aðila er með starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem höfuðstöðvar blandaða eignarhaldsfélagsins eru, skal eftirlitsstjórnvald þess ríkis vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

Ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sem starfa á ólíkum sviðum fjármála hafa starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur höfuðstöðvar skal eftirlitsstjórnvald þess aðila sem starfar á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

Ef tvö eða fleiri blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, sem hafa höfuðstöðvar í mismunandi aðildarríkjum, fara fyrir fjármálasamsteypu og eftirlitsskyldur aðili er til staðar í hverju þessara aðildarríkja skal eftirlitsstjórnvald þess félags sem er með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar ef félögin starfa á sama fjármálasviði en að öðrum kosti skal eftirlitsstjórnvald eftirlitsskylda aðilans sem starfar á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

c. Ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa höfuðstöðvar í aðildarríki og eitt sameiginlegt móðurfélag, sem er blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og enginn þessara aðila hefur starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið hefur höfuðstöðvar, skal það eftirlitsstjórnvald sem veitti þeim aðila starfsleyfi sem er með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

d. Ef fjármálasamsteypa er samstæða sem hefur ekki móðurfélag, eða í öðrum tilvikum, skal eftirlitsstjórnvaldið sem veitti þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi sem er með hæstu fjárhæð heildareigna samkvæmt efnahagsreikningi á því sérsviði samsteypunnar sem er umfangsmeira vera eftirlitsstjórnvald samsteypunnar.

□ Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert samkomulag við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja um að tilnefning eftirlitsstjórnvalds samsteypu þurfi ekki að byggjast á viðmiðum 2.–4. mgr. þar sem þau eigi ekki við vegna uppbyggingar samsteypunnar og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi hennar í einstökum ríkjum. Fjármálaeftirlitið skal gefa samsteypunni kost á að tjá sig um fyrirætlan eftirlitsstjórnvaldanna áður en ákvörðun er tekin.

■ 26. gr. Verkefni eftirlitsstjórnvalds.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu, skal hafa eftirtalin verkefni:

1. Samræma söfnun og miðlun viðeigandi og mikilvægra upplýsinga, í áframhaldandi rekstri eða neyðartilvikum, þ.m.t. miðlun upplýsinga sem eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk eftirlitsstjórnvalds.

2. Hafa sérstakt eftirlit með og meta fjárhagsstöðu samsteypunnar.

3. Meta hvort farið sé að reglum um eiginfjárkröfur, samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu skv. 16.–20. gr.

4. Meta uppbyggingu, skipulag og innra eftirlitskerfi samsteypunnar, sbr. 23. gr.

5. Áætlunargerð og samræmingu eftirlitsstarfs, hvort heldur í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum, í samvinnu við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld.

6. Önnur verkefni sem eftirlitsstjórnvöld gera með sér samkomulag um að Fjármálaeftirlitið taki að sér vegna samræmingar.

□ Fjármálaeftirlitið skal koma á samræmingarfyrirkomulagi með eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem m.a. skal ná til gagnaskila og upplýsingaskipta. Samræmingarfyrirkomulagið skal kveða á um málsmeðferð vegna ákvarðana-töku eftirlitsstjórnvalda í öðrum aðildarríkjum skv. 3.–10., 13., 16.–20., 30. og 31. gr.

■ 27. gr. Samvinna og upplýsingaskipti.

□ Fjármálaeftirlitið skal starfa náið með eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja sem bera ábyrgð á eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu. Fjármálaeftirlitið

skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem skipta máli fyrir eftirlitsstarf annarra eftirlitsstjórnvalda, sbr. 14. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

□ Fjármálaeftirlitið skal að eigin frumkvæði senda allar mikilvægar upplýsingar til viðeigandi eftirlitsstjórnvalda. Til mikilvægra upplýsinga teljast:

a. greining á stjórnarháttum og uppbyggingu samsteypu, þ.m.t. sundurliðun á öllum eftirlitsskyldum aðilum, öðrum aðilum sem eru ekki eftirlitsskyldir og mikilvægum útibúum sem tilheyra samsteypunni; upptalning á þeim sem fara með virkan eignarhlut og eftirlitsstjórnvöldum eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar,

b. stefna samsteypu,

c. fjárhagsstaða samsteypu, einkum varðandi kröfur um lágmarksgjaldþol, viðskipti innan samsteypunnar, samþjöppunaráhættu og arðsemi,

d. stórir hluthafar og stjórn samsteypu,

e. skipulag, áhættustýring og innra eftirlitskerfi samsteypu,

f. aðferðir við öflun upplýsinga frá aðilum innan samsteypu og sannprófun á þeim upplýsingum,

g. neikvæð þróun hjá eftirlitsskyldum aðilum eða öðrum aðilum innan samsteypu sem gæti haft alvarleg áhrif á þá,

h. þyngri viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir eftirlitsstjórnvalda í samræmi við ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi eða lög þessi.

□ Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld áður en stofnunin tekur ákvörðun um eftirfarandi atriði, ef ákvörðunin er mikilvæg fyrir eftirlitshlutverk eftirlitsstjórnvaldanna:

a. breytingar á hlutafjareign, skipulagi eða stjórnkerfi eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypu sem þarfnast samþykkis eða leyfis frá Fjármálaeftirlitinu,

b. þyngri viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins.

□ [Fjármálaeftirlitið skal eiga samstarf við sameiginlega nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna vegna framkvæmdar laga þessara. Fjármálaeftirlitið skal án tafar veita sameiginlegu nefndinni þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að geta framfylgt skyldum sínum skv. 35. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, nr. 1094/2010 og nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Ef Fjármálaeftirlitið er eftirlitsstjórnvald samsteypu skal það veita sameiginlegu nefndinni mikilvægar upplýsingar skv. 2. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2021, 62. gr.

■ 28. gr. Hæfi stjórnenda.

□ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi skulu uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 40. og 41. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

■ 29. gr. Sannprófun upplýsinga.

□ Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum ákveðið að sannprófa upplýsingar um aðila sem er hluti af fjármálasamsteypu og staðsettur í öðru aðildarríki, hvort sem aðillinn er eftirlitsskyldur eða ekki. Í þeim tilvikum skal Fjármálaeftirlitið fara þess á leit við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríki að þau annast sannprófunina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í sannprófun upplýsinga með lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki.

□ Berist Fjármálaeftirlitinu beiðni um sannprófun upplýsinga frá öðru eftirlitsstjórnvaldi skal það bregðast við þeirri beiðni, annaðhvort með því að framkvæma sannprófunina

sjálf, með því að heimila endurskoðanda eða sérfræðingi að framkvæma sannprófunina eða með því að heimila eftirlitsstjórnvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að annast sannprófunina.

■ 30. gr. Endurskipulagning fjárhags.

□ Ef eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu brjóta gegn ákvæðum 14.–23. gr., hættu er á að kröfu verði ekki fullnægt, eiginfjárgrunni samsteypu er ógnað vegna viðskipta innan hennar eða samþjöppun áhættu er fyrir hendi getur Fjármálaeftirlitið farið fram á að gripið verði til úrbóta.

□ Fjármálaeftirlitið getur, eftir því sem við á, krafist móðurfélag fjármálasamsteypu um áætlun um úrbætur á fjárhag samsteypunnar.

□ Áætlunin skal innihalda m.a.:

a. tillögur að nauðsynlegum aðgerðum,

b. greiningu á hvernig fyrirhugaðar aðgerðir verndi fjárhagslega hagsmuni innláns- og kröfuhafa og fjárfesta sem og váttryggingarvernd váttryggingartaka, og

c. tímamörk áætlunarinnar.

□ Sé endurskipulagning fjárhags ekki möguleg innan tíamarka áætlunarinnar eða fyrirhugaðar aðgerðir eru ekki líklegar til að vernda fjárhagslega hagsmuni innlánseignenda, lánardrottna og fjárfesta sem og váttryggingarvernd váttryggingartaka skal Fjármálaeftirlitið, eftir því sem við á, ákveða til hvaða úrræða skuli gripið.

□ Fjármálaeftirlitið skal samræma eftirlitsaðgerðir með eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

VI. kafli. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja.

■ 31. gr. Móðurfélag er staðsett utan aðildarríkja.

□ Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, skal, eftir því sem við á, skera úr um hvort móðurfélag samsteypunnar sem hefur höfuðstöðvar utan aðildarríkja lúti eftirliti sem er sambærilegt eftirliti sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Við ákvörðun sína skal Fjármálaeftirlitið hafa til hliðsjónar 25. gr.

□ Teljist eftirlit með móðurfélaginu ekki fullnægja kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu skal eftirlit með öðrum félögum vera í samræmi við 12. gr. Fjármálaeftirlitið getur í samráði við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja krafist þess að stofnað verði blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með höfuðstöðvar í aðildarríki og beitt ákvæðum laga þessara um dótturfélög þess.

□ [Sérhvert eftirlitsstjórnvald, þ.m.t. Fjármálaeftirlitið sé það ekki eftirlitsstjórnvald samsteypu, getur vísað ákvörðun eftirlitsstjórnvalds samsteypu sem tekin er í samræmi við 1. mgr. til evrópsku eftirlitsstofnananna eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, nr. 1094/2010 og nr. 1095/2010, eftir því sem við á, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.]¹⁾

□ Um samstarf við eftirlitsstjórnvöld utan aðildarríkja fer eftir ákvæðum laga þessara og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

¹⁾ L. 82/2021, 63. gr.

VII. kafli. Önnur ákvæði.

■ 32. gr. Innleiðing, reglugerð og reglur.

□ Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004 frá 9. júlí 2004 sem birt var 23. desember 2004 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65 eru með lögum þessum tekin upp ákvæði tilskipun-

ar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB sem ekki hafa verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Ráðherra getur sett reglugerð til að útfæra nánar ákvæði laga þessara.

□ Til að útfæra nánar ákvæði laga þessara setur Fjármálaeftirlitið reglur¹⁾ sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum og eftirlitsstöðlum sameiginlegrar nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna.

¹⁾ Rgl. 1088/2021. Rgl. 1410/2021.

■ 33. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ 34. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .

Viðauki.

Eiginfjárkröfur.

□ Mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu skal vera í samræmi við tæknilegar meginreglur og eina af eftirgreindum aðferðum.

I. kaffi. Tæknilegar meginreglur.

1. Umfang viðbótareiginfjárfarfna og aðferðir við útreikning þeirra.

□ Ef aðili er dótturfélag með ófullnægjandi gjaldþol eða, ef um er að ræða óeftirlitsskyldan aðila á fjármálamarkaði, ófullnægjandi ígildi lágmarksgjaldþols þarf að taka tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins í heild, án tillits til þess hvaða aðferð er notuð. Ef Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, telur að ábyrgð móðurfélagsins, sem á hlut í eigin fé dótturfélagsins, takmarkist algerlega og ótvírætt við þann eignarhlut getur það heimilað að tekið verði hlutfallslega tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins. Ef ekki eru nein eignatengsl á milli aðila í fjármálasamsteypu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, ákveða, að höfðu samráði við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja, hvaða hlutfallslega eignarhlut skuli taka með í matið með tilliti til þeirrar ábyrgðar sem þau tengsl, sem eru fyrir hendi, hafa í för með sér.

2. Aðrar tæknilegar meginreglur.

□ Án tillits til þess hvaða aðferð er notuð við mat á gjaldþoli og lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu skv. II. kafla þessa viðauka skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, ganga úr skugga um að eftirfarandi meginreglum sé beitt:

a. Að komið sé í veg fyrir margnotkun á liðum sem teknir eru með í útreikningi á eigin fé fjármálasamsteypu (margnotkun eiginfjárliða) og einnig óheimila myndun eigin fjár innan samstæðunnar. Til að tryggja að komið sé í veg fyrir margnotkun eiginfjárliða og óheimila myndun eigin fjár innan samstæðunnar skal Fjármálaeftirlitið á hliðstæðan hátt beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í lagaákvæðum þess sérsviðs fjármálamarkaðar sem er ræðir.

b. Þar til lagaákvæði fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar verða samræmd frekar skulu liðir sem teljast með í mati á eiginfjárgrunni jafngilda kröfum um gjaldþol fyrir hvert sérsvið í fjármálasamsteypu í samræmi við lagaákvæði þess sérsviðs fjármálamarkaðar. Þegar fjármálasamsteypa fullnægir ekki kröfu um lágmarksgjaldþol í heild sinni skulu einungis liðir sem teljast með í mati á eiginfjárgrunni samkvæmt lagaákvæðum þess sérsviðs fjármála-

markaðar vera gjaldgengir sem eiginfjárliðir við að fullnægja kröfu um lágmarksgjaldþol.

□ Ef lagaákvæði fjármála- og váttryggingasviðs fjármálamarkaðar takmarka notkun tiltekinna gerninga sem eru ígildi eigin fjár, sem gætu talist til eiginfjárgrunns þvert á sérsvið fjármálamarkaðar, gilda þær takmarkanir að breyttu breytanda við mat á eiginfjárgrunni fjármálasamsteypu. Við mat á eiginfjárgrunni fjármálasamsteypu skal Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypunnar, einnig taka tillit til þess hve auðvelt er að nálgast og færa eigið fé á milli lögaðila innan samstæðunnar miðað við markmið reglna um eiginfjárgrunn og lágmarksgjaldþol.

□ Ef ígildi lágmarksgjaldþols er metið skv. II. kafla þessa viðauka, þegar um er að ræða aðila á fjármálasviði sem er ekki eftirlitsskyldur, merkir ígildi lágmarksgjaldþols eiginfjárkröfu sem slíkur aðili þyrfti að fullnægja samkvæmt reglum um viðkomandi sérsvið ef hann væri eftirlitsskyldur á því sérsviði fjármála. Ef um er að ræða rekstrarfélag verðbréfasjóða merkir ígildi lágmarksgjaldþols eiginfjárkröfu skv. [12. gr. laga um verðbréfasjóði].¹⁾

□ Ígildi lágmarksgjaldþols fyrir blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal metið samkvæmt lagaákvæðum þess sérsviðs fjármálamarkaðar sem telst vera meginstarfsemi fjármálasamsteypunnar.

¹⁾ L. 116/2021, 137. gr.

II. kaffi. Aðferðir við mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli.

Aðferð 1: Samstæðuuppgjörsaðferðin.

□ Mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu skal gert á grundvelli samstæðureikninga.

□ Eiginfjárgrunnur umfram lágmarksgjaldþol skal metinn sem mismunur á:

a. eiginfjárgrunni fjármálasamsteypu, sem metinn er á grundvelli efnahagsstöðu samstæðunnar; einungis má nota liði sem eru viðurkenndir samkvæmt lagaákvæðum fjármála- eða váttryggingasviðs fjármálamarkaðar, og

b. samtölu lágmarksgjaldþols fyrir hvert sérsvið fjármálamarkaðar innan samsteypu; lágmarksgjaldþol fyrir hvert sérsvið fjármálamarkaðar er reiknað í samræmi við lagaákvæði þess sérsviðs.

□ Ef aðili á fjármálasviði er ekki eftirlitsskyldur skal reikna út ígildi lágmarksgjaldþols.

□ Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

Aðferð 2: Frádráttar- og samlagningaraðferðin.

□ Mat á eiginfjárgrunni og lágmarksgjaldþoli fjármálasamsteypu skal gert á grundvelli reikninga hvers aðila í samstæðu.

□ Eiginfjárgrunn umfram lágmarksgjaldþol skal meta sem mismunur á:

a. samtölu eiginfjárgrunns allra eftirlitsskyldra og annarra aðila á fjármálasviði í fjármálasamsteypu; liðir sem má nota eru þeir liðir sem eru viðurkenndir samkvæmt lagaákvæðum þess sérsviðs fjármálamarkaðar, og

b. samtölu

i) lágmarksgjaldþols allra eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði í samstæðu; lágmarksgjaldþol skal reiknað samkvæmt lagaákvæðum sérsviða fjármálamarkaðar, og

ii) bókfærðs verðs á hlutdeildareignum í öðrum aðilum í samstæðunni.

□ Ef aðili á fjármálasviði er ekki eftirlitsskyldur skal reikna út ígildi lágmarksgjaldþols fyrir hann. Taka skal hlutfallslega

tillit til eiginfjárgrunns og lágmarksgjaldþols skv. 1. mgr. 18. gr. laga þessara og í samræmi við I. kafla þessa viðauka.

Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

Aðferð 3: Sambland af aðferðum 1 og 2.

Fjármálaeftirlitið, sé það eftirlitsstjórnvald samsteypu, getur heimilað að aðferðum 1 og 2 sé blandað saman.

ELDDRI ÚTGÁFA